



Tækifæri í PPP verkefnum út frá sjónarhorni ríkissjóðs.

Fjárfesting í þágu þjóðar – 2. febrúar 2023



Mögulegir virðisaukar PPP verkefna

- Möguleiki á aukinni skilvirkni og að ljúka verkefnum hraðar (geta, „capacity“)
- Möguleiki á betri faglegri nálgun á tæknilega flóknum verkefnum
- Mögulega betra viðhald og betri þjónusta með líftímasamningi
- Áhættu er deilt með einkaaðila
- Í vissum tilfellum geta ríki haft hag af því að verkefni séu utan hina fjárhagslegu og skipulagslegu ramma um opinberar framkvæmdir (governance/financial structure, nýsköpun).



Efnahagsleg áhrif

- Stórar einkaframkvæmdir hafa áhrif á eftirspurn í hagkerfinu og geta því ýtt undir þenslu á hagvaxtarskeiðum.
- Gæta verður að þessum áhrifum og tryggja að einkaframkvæmdir vinni ekki gegn hagstjórnarmarkmiðum fjármálastefnu.



PPP og reikningsskil ríkissjóðs



Reikningshald PPP verkefna

- Ríkinu ber að leggja sjálfstætt mat á meðferð skuldbindinga vegna PPP verkefna á grundvelli alþjóðlegra staðla (IPSAS og GFS).
- Ákvæðum staðla er ætlað að standa í vegi þess að hægt sé að efna til opinberra skuldbindinga fram hjá reikningshaldi og þjóðhagsuppgjöri.
- Ef um er að ræða verkefni á sviði almannþjónustu, sem ríkið ber almenna ábyrgð á og hefur frumkvæði að, telst verkefnið opinber framkvæmd eða ígildi hennar.
- Önnur sjónarmið eiga við um samkeppnisrekstur og verkefni sem ríkinu ber ekki skylda til að sinna og einkaaðili fjármagnar á viðskiptalegum forsendum.
- Eurostat leggur áherslu á hvernig áhættu og ávinningi verkefna sé skipt milli hins opinbera aðila og einkaaðila.



Samstarfsaðilar PPP verkefna þurfa að bera viðeigandi áhættu

- Almenn forsenda er að sá aðili í samningnum sem best er til þess fallinn að meta og bera tiltekna áhættu sé sá sem geri það
 - ✓ Þ.e. fagleg virðisaukandi þekking sé á framkvæmdinni (veggöng, spítali)
- Ábati einkaaðila verði í samræmi við þá áhættu sem þeir bera.
- Eigi opinberi aðilinn að bera alla eða meiri hluta áhættunnar er ekki farið með framkvæmdina sem PPP verkefni í reikningsskilum ríkisins.



Reikningshald PPP verkefna er skilyrðum háð

Reiknisskilastaðlar leggja höfuðáherslu á stýringu og yfirráð yfir verkefninu:

- Almennt fela vegasamgöngur í sér opinbera þjónustu sem er á ábyrgð ríkisins.
- Framkvæmdir og rekstur vegamannvirkja eru í flestum tilvikum flokkaðar innan A-hluta ríkissjóðs - óháð félagsformi þess fyrirtækis sem tekur verkefnið að sér.
- Eigi verkefni að flokkast utan A-hluta þarf samningur að vera afdráttarlaus um algjöra stýringu og yfirráð verktaka af bæði framkvæmdum og rekstri viðkomandi mannvirkis á samningstímabilinu.



Þjóðhagsreikningar og hagskýrslustaðlar

Í þjóðhagsreikningum (GFS) er lögð
höfuðáhersla hvar áhætta af verkefninu
liggur:

- Byggingaráhætta
- Aðgengisáhætta
- Eftirspurnaráhætta

Flokkun verkefnisins ræðst af því hver
tekur á sig byggingaráhættu og a.m.k.
annað tveggja, aðgengisáhættu eða
eftirspurnaráhættu


Hver ber áhættuna?	Tegundir áhættu			Flokkun
	Byggingaráhætta	Aðgengisáhætta	Eftirspurnaráhætta	Efnahagur hins opinbera
	Hið opinbera	Hið opinbera	Hið opinbera	Innan
			Fyrirtæki	
		Fyrirtæki	Hið opinbera	
	Fyrirtæki	Fyrirtæki		
	Fyrirtæki	Hið opinbera	Hið opinbera	Utan
			Fyrirtæki	
Fyrirtæki		Fyrirtæki		




Lærdómur af PPP

Samgöngur stærsti PPP flokkurinn 2021

Aggregate value of projects by sector (in € billion)



Number of projects by sector





Misjafn lærdómur Evrópusambands ríkja af PPP

- Úttekt European Court of Auditors á PPP verkefnum sýnir umtalsverða bjartsýni á eftirspurn, þ.m.t. í 69% upplýsingatækniverkefna og 35% samgönguverkefna.
- Flest verkefnin höfðu verið valin í PPP útfærslu án þess að fyrir lægi ítarleg valkostagreining sem sýndi fram á að PPP væri hagkvæmasta leiðin.
- Áhættudeilingu var oft ábótavant og ábati fjárfesta ekki alltaf í samræmi við þá áhættu sem þeir báru.




PPP er sýnd veiði en ekki gefin

- PPP gerir stjórnvöldum kleift að kaupa stór og flókin verkefni í gegnum eitt innkaupaferli
- 9 af 12 verkefnum í úttekt voru í mjög góðu viðhaldi og veittu góða þjónustu og hafa möguleika á að viðhalda því út samningstímann.
- Mikið flækjustig í samningagerð og samkeppnisviðræðum geta gert ferlin mjög tímafrek.
 - Einn þriðji verkefna í úttekt tóku 5-6 ár í innkaupaferlinu einu saman með miklum töfum. Tafir og kostnaðaraukning einkenndu líka framkvæmdatíma margra verkefna.




Fjöldi PPP verkefna í Evrópu hefur fækkað

Figure 1: Ten-year view of the European PPP market by value and number of projects (2012-2021)



Graph 1: UK PPP Contracts 1992-2015⁴



European Investment Bank: Review of the European public-private partnership market in 2021

Number of projects
Capital value (\$ billion)

Source: HM Treasury, UK government



Íslenska ríkið og PPP



Íslenska ríkið og PPP

Árangursrík verkefni:

- Hvalfjarðargöng, fyrsta PPP verkefnið
– stærð og eftirspurn => árangur

Misheppnuð verkefni:

- Harpa - opinberir aðilar sátu uppi með verkefnið eftir hrun
- Vaðlaheiðargöng, allt sem gat misfarist gerði það, stutt varaleið, ríkið sat uppi með nánast alla ábyrgð

Áherslur:

PPP verkefni möguleg að vissum skilyrðum uppfylltum

Meta þarf ólíka fjármögnunarkosti, kostnað og ávinning ríkissjóðs af PPP umfram aðra kosti



Möguleg PPP verkefni á Íslandi:

Stærri samgönguverkefni

- Sundabraut
- Stækkun Hvalfjarðarganga
- Endurbætur hringvegur

Stærri eða sérhæfðari húsnæðisverkefni

- Þjóðarhöll
- Þjóðarleikvangur

Önnur innviðaverkefni

- Orkuskiptainnviðir, t.d. við hafnir og flugvelli

